

UMSÓKN UM RÁÐSTÖFUN IÐGJALDS TIL TILGREINDRAR SÉREIGNAR VEGNA FYRSTU FASTEIGNAKAUPA

Sjóðfélagi:

Nafn:

Kennitala:

Heimilisfang:

Pnr.:

Staður:

Sími:

Netfang:

Umsókn

Ég undirrituð/aður hef kynnt mér samþykktir og fjárfestingarstefnu sjóðsins og óska hér með eftir því að % hluti (að hámarki 3,5% af launum) af lágmarksiðgjaldi mínu sem ég greiði til Almenna lífeyrissjóðsins verði ráðstafað í tilgreinda séreign.

Ég er meðvituð/aður um að þrengri útborgunarreglur gilda um tilgreinda séreign en þá lágmarksséreign sem ofangreindum iðgjaldshluta hefði annars verið ráðstafað til.

Umsókn mín er grundvölluð á því að ég vil hafa möguleika á því að nýta mér heimild laga nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, um að greiða tilgreinda séreign vegna fasteignakaupa, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Val á ávöxtunarleið Ávöxtun tilgreindrar séreignar skal vera í samræmi við fjárfestingarheimildir samtryggingarsjóða, sbr. 36. grein í lögum nr. 129/1997. Fjárfestingarstefna ávöxtunarleiðanna hér til hliðar eru í samræmi við fjárfestingarheimildir samtryggingarsjóða. Ég staðfesti að hafa kynnt mér fjárfestingarstefnu þeirrar ávöxtunarleiðar sem ég hef valið.

 Ávisafn II Ávisafn III Ríkissafn Húsnæðissafn

Ég staðfesti að ég hef sérstaklega kynnt mér lykilupplýsingaskjal um ávöxtunarleiðina sem er aðgengilegt á **heimasiðu sjóðsins** og afþakka um leið að fá lykilupplýsingaskjalið afhent á pappírformi. Ég staðfesti jafnframt að ég hef kynnt mér hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir hjá sjóðnum og yfirlýsingu sjóðsins um neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Lesa má um stefnur og yfirlýsingar varðandi sjálfbærniáhættu á **heimasiðu sjóðsins**. Fjárfestingar sem eru í undirliggjandi ávöxtunarleiðum taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Útborgunarreglur

Aldur

Heimilt er að hefja útgreiðslu tilgreindrar séreignar þegar sjóðfélagi hefur náð a.m.k. 62 ára aldri. Útgreiðsla skal dreifast á jafnan mánaðarlegar greiðslur frá því að lífeyrisþegi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda út og þar til hann nær 67 ára aldri. Þegar sjóðfélagi nær 67 ára aldri er heimilt að greiða tilgreinda séreign út í einni greiðslu, nema sjóðfélagi óski annars, sbr. gr. 12.2. í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins. Heimilt er að víkja frá fyrrgreindu ákvæði ef inneign í séreignarsjóði er lægri en 1.410.100 kr. Fjárhæðin breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 489,3 í janúar 2021.

Örorka

Verði sjóðfélagi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá tilgreinda séreign og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Ef örorkuprósentan er lægri en 100% lækkar árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi, sbr. gr. 12.5. í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins.

Andlát sjóðfélaga

Við andlát sjóðfélaga erfist tilgreind séreign til skylduerfingja og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús án takmarkana sem um getur í 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Nánar er fjallað um útgreiðslu séreignarsparnaðar í kjölfar andláts í gr. 12.6. í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins.

Fyrirvari vegna fyrstu fasteignakaupa

Heimilt er að nýta tilgreinda séreign til fyrstu fasteignakaupa og íbúðarkaupar skv. ofangreindum lögum. Aðeins er þó unnt að nýta tilgreinda séreign ef hámarksfjárhæðum skv. 4. gr. laga nr. 111/2016 er ekki náð.



Smelltu hér til að skoða persónuverndarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins

Með undirritun minni samþykki ég að þær upplýsingar sem ég veiti í þessari umsókn séu vistaðar og skráðar í viðskiptasögu mína hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu lífeyrissjóðsins.

Staður/dagsetning

Undirskrift umsækjanda